



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

605. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 23. apríl 2025
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Betri samgangna ohf. 2025 - 2504006

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundarboði verður aðalfundur Betri samgangna ohf. haldinn 30. apríl nk. Gert er ráð fyrir að þrír stjórnarmanna, auk eins varamanns, séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar til stjórnar berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 25. apríl nk.

Niðurstaða:

Af hálfu SSH eru eftirfarandi tilnefnd til stjórnar Betri samgangna ohf.:

- 1. Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.*
- 2. Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er tilnefnd sem varaformaður Betri samgangna ohf.*
- 3. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.*

Varamaður: Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

2. Umsagnir þingmála - 1910005

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög, 272. mál er nú til meðferðar Alþingis og rennur umsagnarfrestur vegna þess út hinn 28. apríl nk.

SSH sendu athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum, þ.e. þegar það var kynnt sem drög á samráðsgátt stjórnvalda en frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum síðan. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH vegna ofangreinds frumvarps.

Niðurstaða:

Samþykkt

3. Önnur mál - 2110011



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ákveðið er að fresta fundi stefnuráðs byggðasamlaganna sem fyrirhugað var að halda 28. apríl, og verður stefnt að því að halda hann um miðjan maí.

Niðurstaða:

Afgreitt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026